

um, þá hafi hann með þessu fyrirgert þeim rétti og geti dómkröfur hans af þeirri ástæðu ekki orðið teknar til greina.

2. Stefnandi heldur því fram, að afgjald það, er féll í gjalddaga 1. okt. 1934 sé ógreitt og þess vegna beri samkvæmt ákvæðum grunnleigusamningsins að taka dómkröfur sínar til greina.

Eftir því sem fram hefir komið í málinu og með sérstöku tilliti til kaupsamningsins 19. sept. 1933, er ekki ljóst, hvort Halldóri R. Gunnarssyni hefir raunverulega borið að greiða það afgjald og verður þessi málsástæða því ekki talin nægileg stoð undir dómkröfu hans.

Úrslit máls þessa verða því samkv. framanskráðu þau, að stefndur verður sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og eftir málavöxtum þykir verða að dæma stefnanda til að greiða stefndum kr. 50.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 14. október 1936.

Nr. 69/1936. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Ásgeiri Ásmundssyni

(Eggert Claessen).

Ólögleg áfengissala.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. apríl 1936: Kærður, Ásgeir Ásmundsson, sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hann greiði og 3500 króna sekt til menningarsjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 85 daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með framburði vitna er það sannað, að kærði hefir hinn 6. marz s. l. selt eina flösku af brenni-

vini frá Áfengisverzlun ríkisins og hinn 7. marz s. á. $\frac{1}{2}$ flösku af sömu áfengistegund. Kærði hefir þannig, eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur um brot á ákvæðum 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33 1935.

Kærða hefir áður verið refsað 6 sinnum fyrir sölu áfengis. Síðast var refsing hans ákveðin með dómi hæstaréttar 21. nóv. 1928 1500 króna sekt og 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Með tilliti til þess, að kærði hefir þannig marg itrekað gerzt sekur um ólöglega sölu áfengis, og að því athuguðu, að hegningarákvæði núgildandi áfengislaga eru að miklum mun vægari en samskonar ákvæði áfengislaga nr. 64/1928, er kærði var síðast dæmdur eftir, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Svo ber kærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgeir Ásmundsson, sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 2500 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með 70 daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Eggerts Claessen, 60 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ásgeiri Ásmundssyni, sjómanni, til heimilis Mjóstræti 6 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33, 1935.

Kærður er fæddur 4. september 1883 og hefir hér í lögsagnarumdæminu sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1916 15. júní. Samkvæmt lögregluþingbók Reykjavíkur hefir hann þá sætt dómi útaf kæru um ólöglegt áfengi í vörzlu, en dómsniðurstöðu ekki getið þar. Eftir prófunum að dæma hefir hann tvisvar áður verið kærður fyrir brot gegn bannlögunum, en málin fallið niður vegna skorts á sönnunum.

1919 4. júlí. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: sýknaður af ákæru réttvisinnar fyrir brot gegn 183. gr. hinna alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869. Dómurinn staðfestur af landsyfirrétti 1. des. 1919.

1921 4. nóv. Kærður fyrir svik í spilum, málið afgreitt til dómara.

1923 27. júní. Sektaður um 40 kr. fyrir bannlagabrot.

1924 30. sept. Sektaður um 200 kr. fyrir samskonar brot.

1924 27. okt. Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 30 daga einfalt fangelsi og 1000 kr. sekt fyrir bannlagabrot .

1925 18. marz. Dómur sama réttar: 500 kr. sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir bannlagabrot.

1925 21. marz. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1925 22. apríl. Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1926 23. júlí. Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 2000 kr. sekt og 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir bannlagabrot.

1927 6. júlí. Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 80 kr. sekt fyrir lögreglubrot.

1928 3. apríl. Dómur sama réttar: 2000 kr. sekt og 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir bannlagabrot.

1928 17. apríl. Dómur sama réttar: sama refsing fyrir samskonar brot.

1928 26. júní. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1928 21. nóv. Dómur hæstaréttar: 1500 kr. sekt og 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 32. og 36. gr. áfengislaga frá 1928.

1933 18. febr. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 9. febr. Kærður fyrir ölvun, látið niður falla.

1935 29. maí. Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 10. sept. Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1935 17. okt. Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

Málavextir eru þessir:

Vitnið Ingimundur Eyjólfsson hefir borið, að það hafi keypt af kærða $\frac{1}{2}$ flösku af brennivíni heima hjá honum í Mjóstræti 6 laugardaginn 7. þ. m. kl. 6—7 s. d. Fór vitnið heim til mættis í þeim erindum að fá áfengi keypt og var í för með því Hartvig Nielsen, verzlunarmaður, og sá hann, þegar kaupin fóru fram. Brennivínið var afgreitt á flösku undan öli og kostaði 5 kr. Borgaði vitnið það með 10 króna seðli, en kærður gaf til baka 5 krónur í mótuðum peningum og lét þá á borð, er var í herberginu. Tók Hartvig Nielsen peningana þaðan eftir bendingu vitnisins.

Þessa skýrslu hefir Hartvig Nielsen staðfest í öllum atriðum.

Vitnið Stefán Gíslason hefir borið, að daginn áður, föstudaginn 6. þ. m., hafi það keypt $1\frac{1}{2}$ flösku af brennivíni af kærðum. Vitnið var þá statt inni á prentmyndastofu Ólafs Hvanndal, sem er í sama húsi og kærður býr

í. Þar voru einnig fyrir þeir Ingimundur, Hartvig og Friðrik Eyfjörð. Vitnið fór fyrst inn í herbergi Ásgeirs og fékk hjá honum $\frac{1}{2}$ flösku af brennivíni og borgaði hana með 5 krónum. Drukku þeir allir út úr flöskunni inni í prentmyndagerðinni. Kom þá kærður inn til þeirra og varð þá að samkomulagi með þeim, að þeir keyptu af honum aðra flösku. Falaði Stefán hana, og fór þá kærður út og sótti hana. Síðan afhenti hann Stefáni flöskuna, var það brennivín, Svartidauði, og borgaði Stefán honum 10 krónur fyrir, en hinir horfðu á, er kaupin fóru fram. Þeir Hartvig, Ingimundur og Friðrik hafa allir staðfest þessa skýrslu Stefáns.

Auk þess hafa vitnin öll borið að hafa oftsinnis áður keypt áfengi af kærðum, ýmist heima hjá honum eða á götunni án þess að vitni væru að því.

Þessa framburði sína hafa vitnin staðfest með eiði fyrir réttinum.

Kærður hefir með öllu neitað að hafa nokkru sinni selt vitnunum áfengi. Þrátt fyrir þá neitun hans verður að líta svo á, að með hinum eiðfestu vitnaframburðum sé framkomin sönnun fyrir áfengissölu hans og varðar það brot við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33, 1935.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin með tilliti til fyrrgreindra ítrekana 3500 króna sekt og 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 85 daga. Kærður greiði og allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið óþarfur dráttur.

